

Nd. **500. Breytingartillaga** [177. mál]
við frv. til l. um lagagildi samnings milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., um álbræðslu við Straumsvík.

Frá Lúðvík Jósefssyni.

Við 3. gr. Greinin orðist svo:
Lög þessi skulu eigi öðlast gildi, nema fram hafi farið þjóðaratkvæðagreiðsla um þau og meiri hluti þeirra, er atkvæði greiða, samþykkt lögin.